



Borgarráð

Hleðslustöðvar fyrir rafbíla.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna uppsetninga og tenginga auk rekstrar- og viðhaldsþjónustu á hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Um er að ræða 58 hleðsluúttök á 13 stöðum í miðborg Reykjavíkur.

Heildarkostnaður er áætlaður um 40 mkr sem rúmast innan uppfærðrar fjárfestingarheimildar 2017 í ljósi áfangaskiptingar verksins (2017 30 mkr + 2018 20 mkr)

Styrkur frá Orkusjóði er 10,9 mkr. Áætlaður framkvæmdatími er október 2017 til mars 2018.

Greinargerð:

Uppsetning hleðslustöðva fyrir rafbíla er í samræmi við markmið Reykjavíkur um að styðja við umhverfisvæna samgöngumáta, að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og að bæta loftgæði. Stöðvarnar sem settar verða upp eru svokallaðar hæghleðslustöðvar sem fullhlaða bíla á 2-5 klukkustundum. Gert er ráð fyrir að hleðslustöðvarnar verði á vegg í bílastæðahúsum en að settir verði standar með hleðsluúttökum við götustæði. Til að hvetja til orkuskipta í samgöngum og fjölgun rafbíla verði rafmagn á hleðslustöðvum tímabundið endurgjaldslaust eða þar til annað verður ákveðið. Bílastæði með hleðslustöðvum við götu, sem Reykjavíkurborg rekur, verði gjaldfrjáls fyrstu 90 mínútur líkt og önnur gjaldskyld stæði fyrir vistvæn ökutæki. Eftir 90 mínútur greiðist skv. gjaldskrá bílastæðasjóðs fyrir viðkomandi gjaldsvæði. Í útboðsgögnum verður gerð krafa um að samningsaðili útvegi og starfræki rekstrarkerfi fyrir hleðslustöðvarnar og að notendum bjóðist smáforrit fyrir snjalltæki þar sem sjá má m.a. lausar stöðvar o.fl.

Kostnaðarstaður: 3106.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



HLEÐSLUSTÖÐVAR



HLEÐSLUSTÖÐVAR

Hleðslustöðvar fyrir rafbíla verða settar upp í bílastæðahúsum og á bílastæðum við götur í miðborginni.


Samtals verða sett upp 58 hleðsluúttök á 13 stöðum í miðborg Reykjavíkur.

Innifalið í verkinu er útvegun búnaðarins, uppsetning, tenging þeirra við rafmagnsheimtaug og fjarskiptakerfi auk viðhaldsþjónustu í þrjú ár (2018 -2020).




HLEÐSLUSTÖÐVAR

- Bílastæðahús
- Bílastæði við götu



HLEÐSLUSTÖÐVAR



Vesturgata



Bergstaðir



Traðarkot



Vitatorg



Stjörnuport

Hleðslustöðvar verða í bílastæðahúsum við:

- Vesturgötu (2 hleðsluúttök)
- Bergstaðastræti – Bergstaðir (6 hleðsluúttök)
- Hverfisgötu 20 – Traðarkot (6 hleðsluúttök)
- Vitastíg - Vitatorg (6 hleðsluúttök)
- Laugaveg 94 - Stjörnuport (6 hleðsluúttök)

HLEÐSLUSTÖÐVAR



Amtmannsstígur



Hverfisgata
Vatnsstígur



Geirsgata við Miðbakka



Kirkjutorg

Hleðslustöðvar verða á bílastæðum við:

- Amtmannsstíg (4 hleðsluúttök)
- Geirsgötu við Miðbakka (4 hleðsluúttök)
- Hverfisgötu/Frakkastíg (4 hleðsluúttök)
- Kirkjutorg (4 hleðsluúttök)

HLEÐSLUSTÖÐVAR



Lindargata



Rauðarárstígur - Grettisgata



Borgartún (við Höfða)



Tryggvagata

Hleðslustöðvar verða á bílastæðum við:

- Lindargötu/Skuggasund (4 hleðsluúttök)
- Rauðarárstíg/Grettisgötu (4 hleðsluúttök)
- Borgartún við Höfða (4 hleðsluúttök)
- Tryggvagötu við Tollhúsið (4 hleðsluúttök)

HLEÐSLUSTÖÐVAR Í MIÐBORGinni

Uppsetning hleðslustöðva er í samræmi við markmið borgarinnar um að styðja við umhverfisvæna samgöngumáta, draga úr útblæstri gróðurhúslofttegunda og bæta með því loftgæði innan borgarmarkanna.

- Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í október.




- Áætlaður kostnaður vegna uppsetningar 40 mkr
- Styrkur frá Orkusjóði til verkefnisins 10 mkr
- **Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar 30 mkr**





UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



TAKK FYRIR

